**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir: Reddari ehf.**Kt.: 540507-1550.**Heimili og varnarþing: Hjallahlíð 13, 270 Mosfellsbær.**Dagsetning samþykka er: 9. maí 2007.**Stofnendur: Kári Emilsson, kt. 140880-4429, Hjallahlíð 13, 270 Mosfellsbær.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. maí 2007.**Stjórnarmaður: Kári Emilsson. Varastjórn: Ásdís Jóna Marteinsdóttir, kt. 240285-2239, Klapparhlíð 24, 270 Mosfellsbær.**Firmað ritar: Stjórnarmaður.**Framkvæmdastjórn: Kári Emilsson.**Prókúruumboð: Kári Emilsson, Ásdís Jóna Marteinsdóttir.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Berglind Helgadóttir, kt. 081068-4109, Réttarhvoli 11, 270 Mosfellsbær, Freydís Ágústa Halldórsdóttir, kt. 121061-2369, Klapparhlíð 28, 270 Mosfellsbær.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er smíðar- og verktakastarfsemi, innflutningur, útflutningur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008795)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir: Value Factory Ísland ehf.**Kt.: 540507-1200.**Heimili og varnarþing: Austurstræti 17, 101 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 2. apríl 2007.**Stofnendur: Hans Carl Sloth Frandsen, kt. 241270-3279, Danmörk, Guðný Hansdóttir, kt. 300167-3579, Bæjargili 59, 210 Garðabær.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. apríl 2007.**Formaður stjórnar: Þórður Hermann Kolbeinsson, kt. 050169-3169, Dverghömrur 10, 112 Reykjavík. Meðstjórnendur: Guðný Hansdóttir, Hans Carl Sloth Frandsen.**Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Guðný Hansdóttir.**Prókúruumboð: Guðný Hansdóttir.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Deloitte hf., kt. 521098-2449, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstrarráðgjöf, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008792)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir: Sjöntaug ehf.**Kt.: 540507-0900.**Heimili og varnarþing: Byggðarenda 18, 108 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 30. apríl 2007.**Stofnendur: Harpa Hauksdóttir, kt. 130762-2639, Byggðarenda 18, 108 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. apríl 2007.**Stjórnarmaður: Harpa Hauksdóttir. Varastjórn: Þröstur Guðmundsson, kt. 230265-5269, Byggðarenda 18, 108 Reykjavík.**Firmað ritar: Stjórnarmaður.**Framkvæmdastjórn: Harpa Hauksdóttir.**Prókúruumboð: Harpa Hauksdóttir.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Magnús Jónsson, kt. 280266-4699, Garðsstöðum 21, 112 Reykjavík, Ernst & Young hf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur augnlækningastofu og augnlækningar.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008791)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir: Mannafl ehf.**Kt.: 540507-0820.**Heimili og varnarþing: Súðarvogi 7, 104 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 8. maí 2007.**Stofnendur: Heiko Baehr, kt. 270267-2469, Hamraborg 26, 200 Kópavogur, Daníel Rafn Guðmundsson, kt. 200777-5739, Hnjúkaseli 11, 109 Reykjavík, Mæli ehf., kt. 431097-2579, Víðihlíð 13, 105 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 8. maí 2007.**Stjórnarmaður: Daníel Rafn Guðmundsson. Varastjórn: Heiko Baehr.**Firmað ritar: Stjórnarmaður.**Framkvæmdastjórn: Heiko Baehr.**Prókúruumboð: Daníel Rafn Guðmundsson, Heiko Baehr.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Skattur og bókhald ehf., kt. 680104-2120, Súðarvogi 7, 104 Reykjavík, Sigríður Jóna Friðriksdóttir, kt. 271053-2909, Baughúsum 22, 112 Reykjavík, Árni Þór Hlynsson, kt. 140476-5799, Dalhúsum 99, 112 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 1.000.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er starfsmannaleiga, alhliða byggingarstarfsemi, innflutningur svo og rekstur fasteigna og skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008790)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir: Iceberg Decoration Iceland ehf.**Kt.: 540507-0740.**Heimili og varnarþing: Jörundarholti 46, 300 Akranes.**Dagsetning samþykktar er: 1. maí 2007.**Stofnendur: Machiel Adrianus van den Berg, kt. 150469-2959, Holland, Þóra Jónsdóttir, kt. 140867-5199, Hollandi.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. maí 2007.**Formaður stjórnar: Jón Sigurðsson, kt. 190946-4799, Jörundarholti 46, 300 Akranes. Meðstjórnendur: Þóra Jónsdóttir, Machiel Adrianus van den Berg.**Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Þóra Jónsdóttir.**Prókúruumboð: Þóra Jónsdóttir.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Þór Hallsson, kt. 220851-2229, Brekkubraut 29, 300 Akranes.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er innflutningur, smásala, heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008789)



Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir:* **AB 83 ehf.***Kt.:* 540507-0660.*Heimili og varnarþing:* **Borgartúni 27, 105 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 3. maí 2007.*Stofnendur:* AB-Ráðgjöf ehf., kt. 560200-3580, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 3. maí 2007.*Stjórnarmaður:* Símon Þór Jónsson, kt. 160670-4289, Aflagrandi 39, 107 Reykjavík. *Varastjórn:* Jónas Rafn Tómasson, kt. 041273-5699, Dísaborgum 4, 112 Reykjavík.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Prókúruumboð:* Símon Þór Jónsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008788)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir:* **Nátthagi ehf.***Kt.:* 540507-0310.*Heimili og varnarþing:* **Vatnagörðum 12, 104 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 4. apríl 2007.*Stofnendur:* SMART Ráðgjöf ehf., kt. 501006-0410, Vatnagörðum 12, 104 Reykjavík, Þórarinn Kristjánsson, kt. 100674-5729, Smiðjustígur 3, 350 Grundarfjörður, Fjárhús ehf., kt. 441002-3350, Vatnagörðum 12, 104 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 4. apríl 2007.*Stjórnarmaður:* Snorri Marteinnsson, kt. 031276-5359, Dúfnahólum 6, 111 Reykjavík. *Varastjórn:* Sigurður Sigurbjörnsson, kt. 141076-3539, Hringbraut 107, 107 Reykjavík.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Framkvæmdastjórn:* Halldór Ólafur Halldórsson, kt. 280579-3519, Blönduhlíð 13, 105 Reykjavík.*Prókúruumboð:* Halldór Ólafur Halldórsson, Þórarinn Kristjánsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Skattur og bókhald ehf., kt. 680104-2120, Súðarvogi 7, 104 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 3.000.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er fjárfestingar í framvirkum samningum, hlutabréfum, vaxtaafleiðum, gjaldeyri og ýmsar aðrar fjárfestingar, rekstur fasteigna og almenn lánastarfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008787)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir:* **Veðisaga ehf.***Kt.:* 540507-0230.*Heimili og varnarþing:* **Bjallavaði 9, 110 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 6. maí 2007.*Stofnendur:* Eygló Björk Kristinsdóttir, kt. 120659-7669, Bjallavaði 9, 110 Reykjavík, Arnar Hjaltested, kt. 190570-5689, Stelkshólum 2, 111 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 6. maí 2007.*Stjórnarmaður:* Eygló Björk Kristinsdóttir. *Varastjórn:* Arnar Hjaltested.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður og varamaður saman.*Framkvæmdastjórn:* Arnar Hjaltested.*Prókúruumboð:* Arnar Hjaltested, Eygló Björk Kristinsdóttir.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Bjarni Pálsson, kt. 180736-2989, Sunnubraut 44, 200 Kópavogur, Þorleifur Bjarnason, kt. 241063-5189, Mánalind 17, 201 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur sportvöruverslunar, fasteignarekstur, almennur verslunarrekstur, lánastarfsemi og líkur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2007008786)

Útgáfud.: 25. maí 2007

**Hlutfélagaskrá – nýskráning***Félagið heitir:* **ÁK búðin ehf.***Kt.:* 540507-0150.*Heimili og varnarþing:* **Hjallatröð 7, 601 Akureyri.***Dagsetning samþykktar er:* 1. maí 2007.*Stofnendur:* Ármann Ketilsson, kt. 311267-3029, Hjallatröð 7, 601 Akureyri.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 1. maí 2007.*Stjórnarmaður:* Ármann Ketilsson. *Varastjórn:* Elísabet Marilú Funez, kt. 261063-2129, Hjallatröð 7, 601 Akureyri.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Framkvæmdastjórn:* Ármann Ketilsson.*Prókúruumboð:* Ármann Ketilsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* GK endurskoðun ehf., kt. 630904-2420, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri, Gunnlaugur Kristinnsson, kt. 301068-3529, Duggufjöru 12, 600 Akureyri.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur umboðs- og heildverslunar, smásala, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annað sem kann að vera féluginu til hagsbóta hverju sinni.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

### Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2007008785)

Útgáfud.: 25. maí 2007

### Hlutafélagaskrá – nýskráning

*Félagið heitir:* **Prosperity Life ehf.**

*Kt.:* 490507-2210.

*Heimili og varnarþing:* **Pingvað 9, 110 Reykjavík.**

*Dagsetning samþykpta er:* 14. apríl 2007.

*Stofnendur:* Prosperity Group ehf., kt. 490507-2050, Pingvað 9, 110 Reykjavík.

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 14. apríl 2007.

Formaður stjórnar: Per Ulrik Schmidt, kt. 090859-2859, Pingvaði 9, 110 Reykjavík. Meðstjórnandi: Jóhann Guðlaugur Jóhannsson, kt. 310164-3569, Brautarlandi 3, 108 Reykjavík. Varastjórn: Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir, kt. 070966-5069, Pingvaði 9, 110 Reykjavík.

*Firmað ritar:* Tveir stjórnarmenn saman eða stjórnarformaður.

*Framkvæmdastjórn:* Jóhann Guðlaugur Jóhannsson.

*Prókúruumboð:* Jóhann Guðlaugur Jóhannsson.

*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* EH Endurskoðun ehf., kt. 421002-3390, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

*Hlutafé kr.:* 500.000 ISK

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að selja mismunandi tegundir líftrygginga og stunda skylda starfsemi.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

### Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2007008784)

Útgáfud.: 23. maí 2007

### Stefna - f. h. Glitnis banka hf.

**Glitnir banki hf.,**

**kt. 550500-3530,**

**Kirkjusandi, Reykjavík,**

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Fadi Ahmad Al Khodor, kt. 091080-2149, Líbanon til greiðslu neðangreindrar skuldakröfu auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

*Málflutningsumboð:* Árni Einarsson hdl. rekur mál þetta f. h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.925.559 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 5., 6. og 12. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 57.912 frá 3. nóvember 2003 til 2. desember 2003, af kr. 84.739 frá 2. desember 2003 til 5. janúar 2004, af kr. 335.809 frá 5. janúar 2004 til 2. febrúar 2004, af kr. 1.084.749 frá 2. febrúar 2004 til 2. mars 2004, af kr. 1.923.959 frá 2. mars 2004 til 2. apríl 2004, af kr. 1.925.559 frá 2. apríl 2004 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts og beri

málskostnaðarfjárhæðin drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Áskilinn er réttur til að leggja fram nýjan málskostnaðarreikning verði tekið til varna í málinu.

*Málsástæður og önnur atvik:* Hinn 20. mars 2003 sótti stefndi um Visa greiðslukort til Glitnis banka hf., Lækjargötuútibús, Lækjargötu 12, Reykjavík og fékk hann kort nr. 4507-4300-0029-8173. Stefndi er í vanskilum með greiðslur reikninga vegna úttekta frá gjalddaga 3. nóvember 2003 til 2. apríl 2004. Samkvæmt greiðslufirlitum sundurliðast skuld vegna hvers úttektartímabils þannig:

| Tímabil                 | Gjalddagi | Fjárhæð     |
|-------------------------|-----------|-------------|
| 18.09.2003 - 17.10.2003 | 3.11.2003 | kr. 57.912  |
| 18.10.2003 - 17.11.2003 | 2.12.2003 | kr. 26.827  |
| 18.11.2003 - 17.12.2003 | 5.01.2004 | kr. 251.070 |
| 18.12.2003 - 17.01.2004 | 2.02.2004 | kr. 748.940 |
| 18.01.2004 - 17.02.2004 | 2.03.2004 | kr. 839.210 |
| 18.02.2004 - 17.03.2004 | 2.04.2004 | kr. 1.600   |

Samanlögð fjárhæð úttektanna er kr. 1.925.559 sem er stefnufjárhæð málsins. Leyfisgjald er innifalið. Dráttarvextir reiknast á gjalddaga af heildarfjárhæð úttekta á viðkomandi tímabili. Fer um vexti og þóknun skv. kunnngerðum viðskiptaskilmálum og reglum um gjaldeyrisviðskipti þar sem það á við. Ítrekaðar innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og verður því ekki hjá málshöfðun komist. Stefndi eru skv. þjóðskrá búsettur í Líbanon og þrátt fyrir eftirgrennslnan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað hans og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga og til samningsskilmála þeirra sem stefndi undirgekkst skv. samþykkttri umsókn um greiðslukort.

Varðandi dráttarvexti er vísað til 5., 6., 10., 11. og 12. gr. laga nr. 38/2001.

Varðandi stefnubirtingu vísast til 3. mgr. 91. gr. laga nr. 91/1991.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmonnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Skv. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er stefnandi ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Um varnarþing vísast til 2. mgr. 35. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Reikningsyfirlit.
2. Innheimtubréf dags. 14. apríl 2004.
3. Lögheimilisvottorð frá þjóðskrá.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Fadi Ahmad Al Khodor, kt. 091080-2149, Líbanon til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómssal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þann 26. júní 2007, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm

lögð, leggja fram gögn af sinni hálfu, á sókn sakar og réttarkröfur að hlýða, halda uppi vörnum og dóm að þola í framangreinda átt. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík, 17. apríl 2007.

**Árni Einarsson** hdl.

(2007008712)

Útgáfud.: 25. maí 2007

## Stefna - til viðurkenningar á eignarrétti

### Dómstjóri við héraðsdóm Norðurlands eystra,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl., kt. 250677-5379, Hafnarstræti 95, Akureyri, fyrir hönd Grýtubakkahrepps, kt. 580169-2019, Gamla Skólahúsinu, Grýtubakkahreppi, að hann þurfi að höfða eignardómsmál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær kröfur að honum verði dæmdur eignarréttur að býlinu Höfðabrekku á Grenivík í Grýtubakkahreppi með fastanúmerinu 216-0768, landnúmer 153051.

*Málsatvik og Málsástæður:* Stefnandi Grýtubakkahreppur keypti Höfðabrekku af Sveini Jóhannessyni, kt. 040437-7119, sbr. afsal dags. 29. maí 1992 (dskj. nr. 3). Hinu afsalaða er lýst þannig: „Býlið Höfðabrekka á Grenivík í Grýtubakkahreppi. Eignin er seld samkvæmt skilmálum í byggingarbréfi dags. 5. desember 1941 og staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneyti 16. desember 1941, samkvæmt erfðaleigusamningi dags. 16. nóvember 1965, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu 23. nóvember 1965, að frádregnu afsali dags. 29. apríl 1990 til Grýtubakkahrepps fyrir landspildu að stærð 0,2250 ha og afsali dags. 12. desember 1990 til Hreins Böðvars Gunnarssonar, kt. 260552-4309, fyrir íbúðarhús með 3.000 fm. lóð”.

Sveinn Jóhannesson keypti eignina af Stefáni Árnasyni, sem keypti eignina af Axel Jóhannssyni með kaupsamningi dags. 9. maí 1964 (dskj. 7) en Axel Jóhannsson fékk jörðinni úthlutað með byggingarbréfi dags. 27. nóvember 1941 (dskj. 8).

Afsal Sveins Jóhannessonar, sem keypti eignina af Stefáni Árnasyni, sem er nú látinn er týnt og hefur því ekki verið þinglýst á eignina. Stefnandi telur því nauðsynlegt að fá dóm fyrir eignarhaldi sínu til þess að geta ráðstafað eigninni og þinglýst réttindum sínum þrátt fyrir rof á þinglýstri afsalsröð.

*Lagarök:* Stefnandi höfðar málið með heimild í 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málið er höfðað fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra skv. 2. mgr. 120. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr. sömu laga. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. 3. mgr. 121. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.
3. Afsal dags. 29. maí 1992.
4. Afsal dags. 29. apríl 1990.

5. Afsalsbréf dags. 5. nóvember 1973.

6. Erfðafestusamningur dags. 16. nóvember 1965.

7. Kaupsamningur dags. 9. maí 1964.

8. Byggingarbréf dags. 27. nóvember 1941.

9. Afrit úr þinglýsingarbók fyrir Höfðabrekku svæði II.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að telja til réttar yfir nefndri eign til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Norðurlands eystra sem haldið verður í húsnæði héraðsdómsins að Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 28. júní 2007, kl. 13.30, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn yfir eigninni. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um að hann sé réttur og löglegur eigandi ofangreindrar eignar verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðist einn mánuður.

Akureyri, 21. maí 2007.

**Freyr Ófeigsson** dómsstjóri.

(2007008793)

Útgáfud.: 25. maí 2007

## Stefna - til ógildingar hlutdeildarskírteina

### Dómstjórinn í Reykjavík,

#### Sigurður Hallur Stefánsson,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Eggert Páll Ólason hdl., kt. 041175-5249, að hann þurfi fyrir hönd Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi hlutdeildarskírteinum sem eigendur telja glötuð.

*Fyrirsvar:* Eggert Páll Ólason hdl., kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreind hlutdeildarskírteini verði ógilt með dómi:

Einingabréf 2 númer 900006858 samtals 129,7079 einingar.

Eigandi: Ágúst Bjarnason, kt. 301245-3869.

Einingabréf 1 útgefið 7. júní 1990 samtals 10,1610 einingar.

Eigandi: Sigrún Sigurðardóttir, kt. 150935-2969.

Einingabréf 3 útgefið 7. júní 1990 samtals 15,4062 einingar.

Eigandi: Sigrún Sigurðardóttir, kt. 150935-2969.

Einingabréf 1 númer 900017256 samtals 116,3666 einingar.

Eigandi: Félag íslenskra snyrtifræðinga, kt. 570979-0279.

Ríkisverðbréf-millilangur/KB-RVBSJ-MILLI Nr. 900006858 Nafnverð: 417.195,33 krónur.

Eigandi: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, kt. 110637-3579.

Einingabréf 6 númer 6-9000-22 samtals 89.198 einingar.

Eigandi: Fiskiðjan Ísbjörg ehf., kt. 700996-2479.

Einingabréf 2 númer 9500626 samtals 73,6739 einingar.

Eigandi: Gísli Björnsson, kt. 160447-3469.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður ofangreind einingabréf vera útgefin af Hávöxtunarfélaginu hf. og að samkvæmt því sem stefnandi hefur áður kveðið telur stefnandi sig því réttan aðila þessa máls.

Stefnandi kveður Hávöxtunarfélagið hf. hafa verið sameinað stefnanda þann 30. júní 2003. Stefnandi hafi því tekið yfir réttindi og skyldur Hávöxtunarfélagsins hf. og sé stefnandi því réttur aðili þessa máls, sbr. 16. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Stefnandi kveður Ríkisverðbéfasjóð - millilangur (KB-RVBSJ-MILLI) vera rekin af stefnanda.

Stefnandi kveður að þegar eigendur hafi ætlað að innleysa ofangreind bréf hafi þau ekki fundist og að þau hafi ekki enn fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Til þess að geta nýtt þeirra réttinda sem bréfin beri með sér sé nauðsynlegt að fá þau ógild með dómi og hafi eigendur hinna glötuðu bréfa veitt stefnanda umboð til málshöfðunar í þessu skyni.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 16. gr. laga nr. 30/2003 um verðbrefasjóði og fjárfestingarsjóði. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað sem stefna þessi birtist í.
4. Sýnishorn af Einingarbréfi.
5. Vottorð frá hlutafélagaskrá um samruna Hávöxtunarfélagsins hf. og Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. (nú Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.)

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskráð bréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 28. júní 2007, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 22. maí 2007.

**Sigurður Hallur Stefánsson.**

(2007008783)

Útgáfud.: 25. maí 2007

## Stefna - til ógildingar skuldabréfa

**Dómstjórinn í Reykjavík,**  
**Sigurður Hallur Stefánsson,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Eggert Páll Ólason hdl., kt. 041175-5249, fyrir hönd Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi skuldabréfum sem eigendur telja glötuð.

*Fyrirvar:* Eggert Páll Ólason hdl., kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreind skuldabréf verði ógild með dómi: Skuldabréf nr. 00-10-45, nr. 00-10-46, nr. 00-10-47 og nr. 00-10-48, útgefin af Kaupþingi hf. (nú Kaupþing banki hf.), kt. 560882-0419, til Samvinnulífeyrissjóðsins, kt. 430269-0389, hvert að nafnverði 50.000.000 kr.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður skuldabréf nr. 00-10-45, 00-10-46, 00-10-47 og 00-10-48, sem Kaupþing hf. (nú Kaupþing banki hf.), kt. 560882-0419 gaf út til Samvinnulífeyrissjóðsins, kt. 430269-0389, hvert að nafnverði 50.000.000 kr., vera týnd. Stefnandi kveður skuldabréfin hafa verið víkjandi skuldabréf í flokki 2000/1, útgefin þann 28. apríl 2000.

Stefnandi kveður samvinnulífeyrissjóðurinn, sem upphaflegan kröfuhafi að ofangreindum bréfum, hafa framselt Kaupþingi banka hf. ofangreind skuldabréf og öllum réttindum tengdum þeim með framsali dagsettu 26. ágúst 2005. Kveður stefnandi Samvinnulífeyrissjóðurinn hafa lýst því yfir að hann hafi verið einn réttur og lögmætur eigandi bréfanna. Stefnandi kveður frumrit bréfanna er glatað og að þau hafi ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Stefnandi kveður að til þess að geta nýtt þeirra réttinda sem húsbréfin beri með sér sé nauðsynlegt að fá þau ógild með dómi.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað sem stefna þessi birtist í.
4. Afrit af skuldabréfi úr flokki 2000/1.
5. Afrit af framsali dagsettu 26. ágúst 2005.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskráð bréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 28. júní 2007, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 22. maí 2007.

**Sigurður Hallur Stefánsson.**

(2007008782)

Útgáfud.: 25. maí 2007

## Stefna - til ógildingar húsbréfa

**Dómstjórinn í Reykjavík,**  
**Sigurður Hallur Stefánsson,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Eggert Páll Ólason hdl., kt. 041175-5249, fyrir hönd Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi húsbréfi sem eigandi telur glatað.

*Fyrirvar:* Eggert Páll Ólason hdl., kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreind húsbréf verði ógild með dómi:



Húsbréf IBH 16 0115B nr. 91142429, að nafnvirði 100.000 krónur, skuldari er Íbúðalánasjóður, kt. 661198-3629, upphaflega gefið út til handa Frjálsa Lífeyrissjóðsins, kt. 60097-0129, sem framseldi það til Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður ofangreint húsbréf nr. 91142429 hafa verið gefið út til Frjálsa Lífeyrissjóðsins, kt. 60097-0129, sem framseldi það til Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419. Stefnandi kveður húsbréfið 91142429 hafa verið geymt í húsnæði Kaupþings banka hf. að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Stefnandi kveður að við leit að bréfinu hafi það ekki fundist. Stefnandi kveður að ekki hafi sést til húsbréfsins síðan það var sett í geymslu. Stefnandi kveður að húsbréfið hafi ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Til þess að geta neytt þeirra réttinda sem húsbréfin beri með sér sé nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað sem stefna þessi birtist í.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskrað bréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 28. júní 2007, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 22. maí 2007.

**Sigurður Hallur Stefánsson.**

(2007008781)

Útgáfud.: 25. maí 2007

## Stefna - til viðurkenningar á faðerni

**Kolbrún Freyja Þórarinsdóttir,  
kt. 060783-5439,  
Sóltúni 21, Hvanneyri,**

gjörir kunnugt: Að hún þurfi fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, Victoríu Lindar Kolbrúnardóttur, kt. 031106-3380 til heimilis að Sóltúni 21, Hvanneyri að höfða mál fyrir dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur á hendur Ibrahim Diakite, P.O Box 234, New York, NY10108-0234, USA. Símanúmer 00 (1) 347 523 1093.

*Dómkröfur:* Krafist er að stefndi verði dæmdur faðir stúlkubarnsins Victoríu Lindar. Jafnframt er þess krafist að stefnda verði gert að greiða með dóttur sinni meðlag eins og barnalífeyrir er ákveðinn hverju sinni frá 3. nóvember 2006 til 18 ára aldurs hennar. Þá er þess krafist að stefnanda verði

tildæmdur allur málskostnaður samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem greiddur verði úr ríkissjóði.

*Fyrirsvar:* Undirritaður lögmaður, Katrín Theodórsdóttir hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Málavextir eru þeir að stefnandi og stefndi, Ibrahim kynntust í New York í júní 2005 þar sem stefnandi hafði búið um tveggja ára skeið. Þau byrjuðu að vera saman um miðjan september 2005 og hófu sambúð sína í janúar 2006 í New York. Í lok febrúar 2006 uppgötvaði stefnandi að hún væri orðin þunguð. Í mars 2006 komu stefnandi og stefndi í heimsókn til Íslands og dvöldu þau hjá foreldrum stefnanda fram í byrjun apríl, en þá fór stefndi út aftur. Eftir að stefndi hafði yfirgefið landið í apríl 2006 upplýsti stefnandi stefnda um að hún vildi slíta sambandinu. Fljótlega kom í ljós að stefndi gekk með stúlkubarn og sendi stefndi henni í þrígang barnaföt með pósti frá Bandaríkjunum m.a. þann 25. ágúst 2006. Er Victoría Lind fæddist þann 3. nóvember 2006 tilkynnti stefnandi stefnda þegar um fæðinguna. Stefndi mun hafa orðið glaður og kvaðst hann myndu undirrita faðernisviðurkenningu. Stefnandi leitaði því á sýsluskrifstofuna í Borgarnesi þann 14. nóvember 2006 þar sem hún lýsti því yfir að stefndi væri faðir stúlkubarnsins, sem hún ól þann 3. nóvember 2006. Jafnframt óskaði hún þess að stefndi greiddi meðlag með dótturinni til 18 ára aldurs hennar. Embætti sýslumanns sendi öll gögn til stefnda og óskaði eftir viðurkenningu hans. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sýslumannsins hefur ekkert svar borist frá stefnda og var málið því fellt niður við embættið. Þann 22. febrúar 2007 leitaði stefnandi liðsinnis íslenska utanríkisráðuneytis við stefnubirtingu vegna höfðunar barnsfaðernismáls hér á landi. Þann 25. apríl 2007 móttók stefnandi bréf frá ráðuneytinu þar sem fram kom að birting stefnu hefði ekki tekist og því er stefnanda nauðsynlegt að birta stefnu nú.

Verði ekki mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins er dómara heimilt að skipa stefnda málsvara, en það kynni að liðka fyrir öflun faðernisviðurkenningar.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Krafa stefnanda um ákvörðun um faðerni er reist á 2. mgr. 3. gr. sbr. II. kafla barnalaga nr. 76/2003. Byggt er á því að stefnandi hafi augljósa hagsmuni af því að verða réttilega feðruð.

Krafan um skipun málsvara verði ekki mætt af hálfu stefnda er reist á 13. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988, þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyld er nauðsynlegt við ákvörðun málskostnaðar að taka tillit til skyldu hennar til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Vísað er til 11. gr. laga nr. 76/2003 um skyldu ríkissjóðs til að greiða kostnað í feðrunarmálum, þegar barn er stefnandi máls.

Varðandi lögsögu og varnarþing vísast til 8. og 9. gr. laga nr. 76/2003 sbr. 90. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins verða lögð fram skjöl og önnur sönnunargögn.

*Skýrslur fyrir dómi:* Áskilinn er réttur til að leiða fram vitni á síðari stigum málsins ef þörf krefur.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist nefndum Ibrahima Diakite, P.O Box 234, New York, NY10108-0234, sími 00 (1) 347 523 1093, fyrir héraðsdómi Reykjavíkur við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 28. júní 2007, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest í dómsal 102, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má hann búast við, að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík 16. maí 2007.

**Katrín Theodórsdóttir** hdl.

(2007008775)

Útgáfud.: 25. maí 2007

## Stefna - f. h. Varðar Íslandstryggingar hf.

**Vörður Íslandstrygging hf,**

**kt. 441099-3399,**

**Sætúni 8, Reykjavík,**

gjörir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Rúnari Geir Sigurðarsyni, kt. 140956-4659, nú búsettum í Bretlandi til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 10.489, ásamt dráttarvöxtum af kr. 4.897 frá 30. ágúst 2005 til 1. ágúst 2006, af kr. 10.489 frá 1. ágúst 2006 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Jafnframt er þess krafist að staðfestur verði lögveðsréttur stefnanda í fasteign stefnda, Sóleyjarima 17, Reykjavík, 020103 og staði í bílageymslu 03-B23, fnr. 227-6137.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er tilkomin vegna kaupa stefnda á tryggingum hjá stefnanda en stefnandi er váttryggingarfélag. Um er að ræða kaup á brunatryggingu með gjalddögum skv. framlögðu yfirliti.

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi | Fjárhæð   |
|-----|-------------|-----------|-----------|
| 1   | 30.8.2005   | 30.8.2005 | kr. 4.897 |
| 2   | 1.8.2006    | 1.8.2006  | kr. 5.592 |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 10.489 sem er stefnufjárhæð málsins ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Umsamdir gjalddagar eru tilgreindir og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við þau tímamörk.

Stefndi er skv. þjóðskrá ekki með skráð lögheimili á Íslandi og samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá eru ekki frekari upplýsingar til um lögheimili hans í Bretlandi og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Iðgjald brunatryggingar þessarar er tryggt með lögveðsrétti í fasteigninni Sóleyjarima 17, Reykjavík samkvæmt 7. gr. laga nr. 48/1994 með síðari breytingum um brunatryggingar.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um lögveðsheimild vegna iðgjaldanna vísast til 7. gr. laga nr. 48/1994 með síðari breytingum um brunatryggingar.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Yfirlit.
2. Úptrentun á tölvupósti frá þjóðskrá dags. 28. mars 2007.
3. Úptrentun úr Lögbirtingablaði er stefna þessi birtist í.
4. Innheimtubréf.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í Dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 28. júní 2007, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Akureyri, 30. apríl 2007.

F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,

**Ólafur Rúnar Ólafsson** hdl.

(2007008774)

## Lögbirtingablað,

41. tölublað 2007.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vik,

**Anna Birna Þráinsdóttir.**